

Mannvit hf.
Axel Valur Birgisson
Grensásvegur 1
108 REYKJAVÍK

2008060015
5200; 5612; 5706;
6000; 6514

Reykjavík, 30. desember 2008
/--

Efni: Blöndulína 3 (220 kV). Frá Blöndustöð til Akureyrar. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Landsnets að matsáætlun um Blöndulínu 3 (220 kV) frá Blöndustöð til Akureyrar í Akrahreppi, Akureyrarkaupstað, Húnavatnshreppi, Hörgárbyggð og Sveitarfélaginu Skagafirði.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Mannvits verkfræðistofu, f.h. Landsnets, dags. 16. október 2008 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Landsnet. Blöndulína 3 (220 kV). Frá Blöndustöð til Akureyrar. Október 2008.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Akrahreppi, Akureyrarkaupstað, Húnavatnshreppi, Hörgárbyggð, Sveitarfélaginu Skagafirði, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, iðnaðarráðuneyti, Orkustofnun, Landgræðslu ríkisins, Neytendastofu, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Akrahreppi með bréfi dags. 30. desember 2008, Akureyrarkaupstað með bréfi dags. 3. nóvember 2008, Húnavatnshreppi með bréfi dags. 31. október 2008, Hörgárbyggð með bréfi dags. 3. nóvember 2008, Sveitarfélaginu Skagafirði með bréfi dags. 21. nóvember 2008, Ferðamálastofu með bréfi dags. 12. nóvember 2008, Fiskistofu með bréfi dags. 3. nóvember 2008, Fornleifavernd ríkisins, með bréfi dags. 7. nóvember 2008, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með tölvubréfi dags. 3. nóvember 2008, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra með bréfi dags. 17. október 2008, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 3. nóvember 2008, Neytendastofu með bréfi dags. 22. október 2008, Orkustofnun með bréfi dags. 13. nóvember 2008, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 5.

nóvember 2008 og Vegagerðinni með bréfi dags. 5. nóvember 2008. Umsögn barst ekki frá iðnaðarráðuneyti. Alls bárust Skipulagsstofnun 30 athugasemdir á kynningartíma sem taldar eru upp hér að neðan:

1. Lögmál, f.h. B. Pálssonar með bréfi dags. 28. október 2008, 2. Þórhildur B. Jakobdóttir með bréfi dags. 28. október 2008, 3. Landeigendi Tyrfingsstaða með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 4. Ásta og Halla Þorsteinsdætur, f.h. Þorsteins Björnssonar, með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 5. Hanna Björg Hauksdóttir o.fl. Litla-Dal Skagafirði, með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 6. Jóhann K. Hjálmarsson Syðravatni, með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 7. Óli Sigurjón Pétursson Syðri-Mælifellsá, með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 8. Hanna Pétursdóttir Syðri-Mælifellsá, með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 9. Gíslína Guðmundsdóttir o.fl. Ytra-Vatni, með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 10. Benedikt Benediktsson, Stóra-Vatnsskarði, með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 11. Björn Sveinsson, Varmalæk II, með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 12. Einar Ólafsson og Anna Sigmundsdóttir Stokkhólma, með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 13. Sigmundur Magnússon Vindheimum, með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 14. E. Kristján Gissurarson Valadal, með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 15. Birgir Hauksson Valagerði, með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 16. Sigurður Sigurðsson með bréfi dags. 28. október 2008, 17. Margeir Björnsson Mælifellsá, með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 18. Starri Heiðmarsson með bréfi dags. 31. október 2008, 19. Ólafur Margeirsson með bréfi dags. 29. október 2008, 20. Berglind Indriðadóttir með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 21. Indriði Sigurjónsson og Rósa Björnsdóttir Hvíteyrum, með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 22. Jón Gissurarson Víðimýrarseli, með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 23. Helga Rós Indriðadóttir með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 24. Hrafnhildur Brynjólfsdóttir með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 25. Hrafn Margeirsson með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 26. Sveinn Margeirsson með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 27. Ólafur Hallgrímsson Mælifelli, með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 28. Eymundur Þórarinsson Saurbæ, með bréfi dags. 1. nóvember 2008, 29. Kristinn Stefánsson og Sigurborg Rögnvaldsdóttir með bréfi dags. 3. nóvember 2008 og 30. Jón Arnljótsson Ytri-Mælifellsá, með tölvubrési dags. 3. nóvember 2008. Þá barst Skipulagsstofnun athugasemd frá Samtökum ferðaþjónustunnar með bréfi að kynningartíma loknum.

Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna og athugasemda með bréfum dags. 21. október, 12. og 26. nóvember og 10., 16. og desember 2008.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Landsnets að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfum Mannvits verkfræðistofu, f.h. Landsnets, dags. 21. október, 12. og 26. nóvember og 10., og 16. desember 2008 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd og starfsemi

Í athugasemdum við tillögu að matsáætlun hafa komið fram spurningar um nauðsyn lagningar

220 kV háspennulínu. Í svörum Landsnets hefur m.a. komið fram að Blöndulína 3 verði fyrst um sinn rekin á 132 kV spennu, en að línan sjálf verði byggð fyrir 220 kV spennu, til að geta til framtíðar fullnægt flutningsþörf meginkerfis raforku á Norðurlandi. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að gera ítarlega grein fyrir og rökstyðja nauðsyn þess að leggja 220 kV línu og að fram komi upplýsingar m.a. um hversu lengi áætlað sé að línan verði rekin á 132 kV spennu.

Í umsögn Akureyrarkaupstaðar kemur fram að framhald línunnar í landi Akureyrar hafi ekki verið ákveðið og því sé ekki tímabært að taka þá umfjöllun inn í matsáætlun. Lagt er til að á þessu stigi verði línan sett í farveg núverandi línustæðis frá Hrapstöðum að tengivirki við Rangárvelli. Í svörum Landsnets kemur m.a. fram að ekki sé raunhæft að leggja 220 kV línu að núverandi tengivirki og einungis bráðabirgðatenging að núverandi tengivirki komi til greina. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að fjalla mun nánar um þá valkosti sem til greina koma um lagningu línunnar innan marka Akureyrar, bæði sem loftlínu og sem jarðstreng. Ljóst þarf að vera hvert er umfang athugasvæðis þeirra línuleiða sem til greina koma. Í ljósi umsagnar Akureyrarkaupstaðar telur Skipulagsstofnun að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram niðurstaða væntanlegs samráðs Landsnets við bæjarfélagið um þá valkosti sem fjallað verður um og lagt mat á í frummatsskýrslu.

Í kafla 2.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um tengivirki. Skipulagsstofnun telur eðlilegt að í frummatsskýrslu sé gerð grein fyrir áætlaðri staðsetningu tengivirkja á línuleiðinni og umfangi þeirra. Í samræmi við athugasemdir þá telur Skipulagsstofnun að gera þurfi grein fyrir með hvaða hætti sé fyrirhugað að takmarka umferð eftir línuvegum einkum þar sem aðgengi getur opnast að ósnortnum svæðum.

Framkvæmdasvæði og valkostir

Í kafla 3.1.7 í tillögunni er fjallað um áhrifasvæði. Í matsferlinu þarf að gæta að því að athugasvæði, skilgreint mannvirkjabelti, sé næglega vítt til þess að hægt sé að taka tillit til upplýsinga sem fram kunna að koma við rannsóknir og athuganir og hafa þarf til hliðsjónar við val á endanlegu línustæði.

Í kafla 2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um línuleiðir. Í frummatsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um afdrif núverandi línu með tilkomu nýrrar, þ.e. hvort línan muni standa áfram eða verða tekin niður. Ef gert er ráð fyrir að núverandi lína standi áfram bendir Skipulagsstofnun á að samkvæmt tillögu að matsáætlun mun fyrirhuguð lína verða nærri línustæði núverandi línu frá mynni Norðurárdals og langleiðina til Akureyrar. Fram hafa komið athugasemdir sem Skipulagsstofnun tekur undir að í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um þann kost að fyrirhuguð lína verði lögð samhliða núverandi línu alla leiðina frá Blöndustöð til Akureyrar. Þá telur Skipulagsstofnun, með hliðsjón af ábendingum í athugasemdum, að í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um hvort það sé valkostur að auka flutningsgetu núverandi línu upp í 220 kV í stað þess að reisa aðra línu og ef svo er ekki þá komi fram rökstuðningur fyrir því. Þá gerir Skipulagsstofnun ráð fyrir að í frummatsskýrslu verði fjallað um þann kost að hafa tréstaurlínu á völdum köflum línuleiðarinnar. Í ljósi athugasemda sem víkja að hugsanlegri línuleið um Kiðaskarð þá telur Skipulagsstofnun að í frummatsskýrslu þurfi að gera nánar grein fyrir því hvers vegna það sé ekki ásættanlegur valkostur, m.a. í ljósi upplýsinga úr athugasemd um að þar hafi raflína verið í um 35 ár.

Fyrir liggur, samkvæmt tillögu að matsáætlun og svörum framkvæmdaraðila við umsögnum og athugasemdum, að Landsnet hyggst gera ítarlega grein fyrir jarðstrengslögnum, kostnaði, rekstri og umhverfisáhrifum í samanburði við loftlínu í frummatsskýrslu. Í svörum framkvæmdaraðila við athugasemdum kemur jafnframt fram að nauðsynlegt sé að skoða þau umhverfisáhrif sem verða vegna lagningu jarðstrengs til jafns við loftlínu. Í athugasemdum hefur verið bent á að eðlilegt sé að valkostur, sem byggir á að lína verði lögð sem jarðstrengur, verði tekinn til mats. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í frummatsskýrslu eigi að gera grein fyrir þeim umhverfisáhrifum sem fylgja lagningu jarðstrengs. Skipulagsstofnun tekur undir ofangreint og telur að Landsnet þurfi í frummatsskýrslu að leggja mat á áhrif þess kosts að leggja háspennulínu í jörð á hina ýmsu umhverfisþætti, s.s. landslag og sjónræn áhrif, landnotkun, útivist og ferðamennsku, jarðmyndanir, fugla, gróður og fornleifar og bera þann valkost saman við lagningu háspennulínu sem loftlínu. Mat og umfjöllun tæki mið af því að gert væri ráð fyrir jarðstreng á tilteknum hlutum leiðarinnar og loftlínu á öðrum hlutum hennar. Skipulagsstofnun bendir á að skv. tölulíð 3 e í 18. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 skal í frummatsskýrslu koma fram: *"Samanburður á umhverfisáhrifum þeirra kosta sem kynntir eru og rökstuðningur fyrir vali framkvæmdaraðila að teknu tilliti til umhverfisáhrifa"*.

Ljóst er að fyrirhuguð háspennulínu mun liggja um margar landareignir. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að gefa yfirlit yfir þær jarðir sem fyrirhuguð lína mun liggja um miðað við mismunandi línuleiðir, auk þess að sýna jarðamörk á korti.

Núll-kostur

Í kafla 2.9.3 er minnst á núll-kost. Skipulagsstofnun telur að í umfjöllun um núll-kost í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir bæði jákvæðum og neikvæðum áhrifum sem munu verða ef ekki verður af fyrirhuguðum framkvæmdum, bæði hvað varðar náttúrufarsþætti og samfélagsþætti.

Skipulag og leyfi

Í kafla 3.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um skipulag í viðkomandi sveitarfélögum. Skipulagsstofnun bendir á að gerð aðalskipulags og aðalskipulagsbreytingar eru háðar lögum um umhverfismat áætlana. Stofnunin telur á að æskilegt sé að frummatsskýrsla verði auglýst samhliða aðalskipulagstillögu og umhverfisskýrslu en gangi það ekki eftir þá leggur Skipulagsstofnun áherslu á að framkvæmdaraðili og sveitarstjórnir hafi samráð. Með því má fá fram betri samnýtingu gagna og upplýsinga og komast hjá tvíverknaði við matsvinnu.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Í köflum 4.3 og 5.2.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um sjónræn áhrif og áhrif á landslag. Skipulagsstofnun er í meginatriðum sammála þeirri nálgun sem fyrirhuguð er varðandi mat á sjónrænum áhrifum og áhrifum á landslag en vill benda á nokkur atriði í því sambandi. Stofnunin telur mikilvægt að endanleg staðsetning hápennumastra miðað við lagningu loftlínu þurfi að liggja fyrir í frummatsskýrslu enda eru sjónræn áhrif og áhrif á landslag væntanlega metin miðað við þá staðsetningu. Í umfjöllun um sjónræn áhrif í frummatsskýrslu þarf að sýna ásýnd umhverfisins fyrir og eftir framkvæmdir, ef notaðar eru ljósmyndir komi fram af hverju viðkomandi útsýnisstaðir hafi verið valdir og sýna þarf á korti staðsetningu myndatökustaða og sjónarhorn mynda. Skipulagsstofnun vill benda á að í ljósi athugasemda þarf að sýna

breytingar á ásjón með tilkomu loftlínu frá völdum svæðum í Efríbyggð auk þess sem sýna þarf ásjónarbreytingar frá útsýnisstað á leið frá Varmahlíð upp á Vatnsskarð.

Í köflum 4.8 og 5.2.4 er fjallað um fornleifar. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í frummatsskýrslu verði farið að tilmælum Fornleifaverndar ríkisins um að sjón verði nákvæm staðsetning fornleifa á korti eða loftmynd ásamt fyrirhuguðu áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Þá þarf að gera grein fyrir hugsanlegum mótvægisáðgerðum vegna þeirra áhrifa sem framkvæmdin kann að hafa á fornleifar.

Í köflum 3.1 og 4.7 í tillögu að matsáætlun er fjallað um vernd og verndarsvæði. Skipulagsstofnun tekur undir umsagnir Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra og Norðurlands vestra um að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir vatnsverndarsvæðum vatnsbóla sem kunna að vera innan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda og áðgerðum og varúðarráðstöfunum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna. Við matið skal, eftir því sem við á, taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbóla, líklegum uppsprettum mengunar (veðrun mastra/húðun), mengunarálagi og mikilvægi vatnsbóla.

Í kafla 4.7 er m.a. fjallað um fugla. Þar kemur fram að fjallað verði um áflugshættu í frummatsskýrslu. Skipulagsstofnun telur að í mati á áhrifum á fugla þurfi að fjalla um og leggja mat á áflugshættu með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og að settar verði fram mótvægisáðgerðir sem eigi að draga úr áflugshættu fyrir fugla á línur. Þá vill Skipulagsstofnun taka undir ábendingar í athugasemdum um hugsanleg áhrif línulagningar á fálkaóðöl og leggur áherslu á að gerð verði grein fyrir mati á áhrifum á fálka og hugsanlegum áðgerðum til mótvægis.

Kynning og samráð

Í kafla 6.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um kynningu og samráð við gerð frummatsskýrslu. Skipulagsstofnun leggur áherslu á í ljósi þess að í mörgum athugasemdum við tillögu að matsáætlun er lagningu 220 kV háspennulínu hafnað um viðkomandi landareignir athugasemjenda, að fram komi í frummatsskýrslu upplýsingar um kynningu og samráð við hagsmunaaðila og almenning sem staðið hefur verið að af hálfu framkvæmdaraðila við mat á umhverfisáhrifum og gerð frummatsskýrslu og upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem hafa tjáð sig um framkvæmdina, matsáætlun eða frummatsskýrsluna á vinnslustigi.

Rut Kristinsdóttir

Afrit:

Umsagnaraðilar: Akrahreppur, Akureyrarkaupstaður, Húnavatnshreppur, Hörgárbyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður, Ferðamálastofa, Fiskistofa Árni Ísaksson, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, Orkustofnun, Landgræðsla ríkisins, Neytendastofa, Umhverfisstofnun og Vegagerðin.

Athugasemjendur: Lögmaðl, Skólavörðustíg 12 Rvík, Þórhildur B. Jakobdóttir, Hanna Pétursdóttir, Óli Sigurjón Pétursson Syðri-Mælifellsá, landeigandi Tyrningsstaða, Ásta og Halla Þorsteinsdætur, Kolgröf, Hanna Björg Hauksdóttir o.fl. Litla-Dal, Jóhann K. Hjálmarsson Syðravatni, Gíslína Guðmundsdóttir o.fl. Ytra-Vatni,

Benedikt Benediktsson, Stóra-Vatnsskarði, Björn Sveinsson, Varmalæk II, Einar Ólafsson og Anna Sigmundsdóttir Stokkhólma, Sigmundur Magnússon Vindheimum, E. Kristján Gissurarson Valadal, Birgir Hauksson Valagerði, Sigurður Sigurðsson Brúnastöðum, Indriði Sigurjónsson, Rósa Björnsdóttir, Helga Rós Indriðadóttir og Berglind Indriðadóttir Hvíteyrum, Jón Gissurarson Víðimýrarseli, Margeir Björnsson, Hrafnhildur Brynjólfsdóttir, Ólafur Margeirsson, Hrafn Margeirsson og Sveinn Margeirsson, Mælifellsá, Ólafur Hallgrímsson Mælifelli, Eymundur Þórarinnsson Saurbæ, Jón Arnljótsson Ytri-Mælifellsá, Starri Heiðmarsson Sólheimum 9, Akureyri, Kristinn Stefánsson og Sigurborg Rögnvaldsdóttir Lönguhlíð 19 Rvík, Samtök ferðapjónustunnar, Borgartún 35.